



Málþing um innflytjendur á jaðrinum í íslensku samfélagi.
Styrkþegi: Edda Ólafsdóttir o.fl.

Haldið var lokað málþing um stöðu innflytjenda á jaðrinum þann 6. maí 2010. Að undirbúningi þess stóðu Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Hjálparstofnun kirkjunnar, Geðsvið Landspítalans og Fangelsismálastofnun. Í vinnuhópnum voru félagsráðgjafar og MANemar þeirra í félagsráðgjöf, Einnig var samvinna við Samráðshóp um málefni utangarðsfólks.

Tilgangur málþingsins var fyrst og fremst að vekja athygli á stöðu innflytjenda sem eru illa staddir og auka samstarf á milli hinna ýmsu stofnana og félagasamtaka.

Þegar rætt er um innflytjendur á jaðrinum er átt við einstaklinga sem eru skráðir á utangarðsskrá eða hafa dottið út af þjóðskrá af ýmiskonar ástæðum. Margir þeirra eiga við margvíslegan vanda að stríða eins og áfengisvanda, húsnæðisvanda o.fl. Þessir einstaklingar hafa verið lítið sýnilegir en undanfarið hafa hinar ýmsu stofnanir samfélagsins þurft að aðstoða þessa einstaklinga vegna stöðu þeirra. Meirihluti þeirra á ekki rétt á félagslegri þjónustu þar sem viðkomandi er ekki skráður með lögheimili á Íslandi.

Dagskrá málþingsins var fjölbreytt og var leitast við að ná til sem flestra sem tengjast málefnum innflytjenda sem standa á jaðrinum á einn eða annan hátt.

Það voru fjölmargir aðilar sem komu með innlegg á málþinginu. Auður Jónsdóttir rithöfundur var fyrst á dagskrá og sagði m.a. frá reynslu sinni sem innflytjandi og mikilvægi þess að láta sig aðra varða. Fulltrúar allra hjálparstofnana voru með innlegg. Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra ávarpaði málþingið. Fulltrúar frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Geðsviði Lsp., Fangelsismálastofnun, Fjölmenningarsetri og Útlendingastofnun héldu fyrirlestra. Ingibjörg Hafstað íslenskukennari sagði frá skóla lífsins, tungumálanámi og aðlögun. Fræðimenn frá háskólasamfélaginu sögðu frá nýlegum rannsóknum sem tengjast málefnum innflytjenda.

Undirbúningur og málþingið gekk mjög vel og þeir sem stóðu að undirbúningi þess og framkvæmd voru mjög sáttir.

Seminar about immigrants in the margins of society
Grantee: Edda Ólafsdóttir and ass.

On 6 May 2010 there was a closed seminar about the situation of immigrants in the margins of Icelandic society. The seminar was organised by Midborg and Hlida Community Service Centre, Icelandic Church Aid, The National University Hospital of Iceland's Department of Mental Health Services, and The Prison and Probation Administration. The working group was comprised of social workers, MA students of social work, and included a group of consultants about homeless issues.

The purpose of the seminar was first and foremost to increase awareness on the situation of immigrants who are marginalised and to promote increased cooperation between various institutions and grass-root associations.

In this case marginal immigrants mean individuals who are not properly domiciled or have dropped off the national registry for various reasons. Many of them struggle with various social problems such as alcoholism and housing problems. These individuals have been for the most part invisible and various institutions have had to assist them. The majority of them do not have any rights to social services as they are not legally domiciled in Iceland.

The seminar had a diverse program with the goal of reaching most that work with or are connected in some way to immigrants in the margins.

Many contributed to the seminar. Among them were the author Auður Jónsdóttir, who spoke of her own experiences as an immigrant and the importance of being concerned for others.

Árni Páll Arnason, the Minister of Social and Insurance addressed the seminar as well as staff of the Midborg and Hlida Community Service Centre, representatives from The National University Hospital of Iceland's Department of Mental Health Services, The Prison and Probation Administration, The Multicultural Centre, and The Directorate of Immigration. Ingibjörg Hafstað, a teacher of Icelandic spoke about the school of life, language learning and integration. Scholars from the university shared the results of new research done in the area of immigration issues.

The preparations for the seminar and the seminar itself all went very well, and those who participated were satisfied with the whole process.